

Fundargerð

Fundarefni:	12. Stjórnarfundur foreldrafélags Álfhólsskóla
Dags.:	26. febrúar 2015
Fundarmenn:	Guðni Björnsson, Hólmfríður Einarsdóttir, Íris Lena Leósdóttir, Karl Einarsson, Kristín Stefánsdóttir, Ólafur Guðlaugsson, Sigurður Grétarsson
Fjarverandi:	Erlingur Snær Erlingsson
Ritað af:	Íris Lena Leósdóttir

1. Fundur settur

- Guðni setti fundinn kl. 18:10

2. Fundargerðir síðustu funda

- Samþykktar

3. Markaðstorg FFÁ

- Markaðstorgið verður haldið í Hjalla 28. febrúar kl. 11 – 14. Nefndin hefur undirbúið viðburðinn, m.a. með því að dreifa auglýsingum í hús, Guðni auglýsti á Mentor.is. Allir básar eru bókaðir og komust færri að en vildu. Guðni, Íris og húsvörður mæta um 10:30 til að aðstoða við undirbúning.

4. Snjalltækin

- Fræðslufundur um snjalltækjanotkun barna var haldinn 19. febrúar. Björn Rúnar Egilsson frá Heimili og skóla hélt mjög fróðlegt erindi. Mættir voru ríflega 30 manns.
- Í framhaldi af þessu eru skólastjóri Álfhólsskóla, formaður FFÁ og starfsmenn Heimila og skóla í samstarfi um að koma með fræðslupakka frá SAFT inn í 7. bekkina, verður vonandi í mars mánuði.

5. Matsnefnd, Skólapúlsinn

- Hólmfríður sendi í tölvupósti 10. febrúar gögn frá skólaráðsfundi. Miklar upplýsingar koma fram í skólapúls könnun sem lesa þarf úr og færa í mannamál.

6. Stefnan um dægradvölin

- Stefnumótun hefur verið unnin af Kópavogsbæ og skólastjórnendum, þ.m.t. Álfhólsskóla þar sem ákveðið hefur verið að innlima dægradvöl inn í skólastarfið og talið nauðsynlegt að dægradvölin fái tvo starfsdaga á ári. Almennt ákveðið að taka þetta föstum tókum. Álfhólsskóli mun bjóða, líkt og í fyrra, upp á dægradvöl fyrir þá nemendur sem byrja í fyrsta bekk í haust, í tvær vikur áður en skólastarf hefst til að brúa bilið frá lokum sumarleyfis í leikskóla. Það hefur mælst vel fyrir og börnin farin að kynnast skóla og umhverfi þegar formlegt skólastarf hefst.

7. Öryggisnefndin

- Hefur ekki fundað enn. Ingvar mun senda hinum í nefndinni sína punkta um það sem er ábótavant í umhverfinu og nefndin bætir í og tekur svo áfram.

Páskabingó

- Páskabingó verður haldið 21. mars kl. 12 – 14. Lagt til að bjóða 10. bekk að sjá um viðburðinn, FFÁ kaupi páskaegginn, nemendur og foreldrar 10. bekkjar sjái um sölu bingóspjalda og veitinga og sjái um framkvæmd bingósins og geti þannig aflað sér aukins fjár vegna útskriftarferðar. FFÁ hefur samband við bekkjarfulltrúa.
- 3 foreldrar skráðu sig í Páskabingónefnd sl. haust, tvö nafnanna læsileg og með netfangi.
- Formaður hefur samband við húsvörð um bingóspjöld. Þarf örugglega að fá lánuð spjöld hjá Salaskóla

8. Önnur mál

- Styrkir FFÁ. Umræða um hvað foreldrafélagið styrkir og fyrirkomulag við greiðslur. Á rekstraráætlun hvers skólaárs kemur fram hjá félaginu hvaða viðburðir eru á áætlun að styrkja. Markmiðið er að styrkja heilu árgangana til að allir njóti, m.a. styrkir til 7. og 9. bekkja sem fara að Laugum og á Reyki ár hvert auk útskriftarferðar 10. bekkjar. Einnig hafa verið veittir sérstakir styrkir þegar um afburða árangur er að ræða eins og ferð skákmanna á Norðurlandameistaramót. Þarf að styrkja samskipti við skóla um fyrirkomulag styrkja, umsóknir og greiðslur þeirra. Komið hefur fyrir að styrkur hafi ekki verið sóttur af skóla.
- Þarf að fá fund með skólastjórnendum mjög fljótlega til að fara yfir þessi atriði:
 - Styrkir FFÁ
 - Staða tölvumála í skólanum
 - Leggja til að skólinn upplýsi betur foreldra um styrki FFÁ, tækifæri nemenda til fjáraflana – umsjón með ákveðnum viðburðum eins og Desemberfjöri og Páskabingói
 - Dægradvalarmál
- Ritari gerði athugasemd við að fundargerðir foreldrafélagsins vantar á heimasíðu skólans. Vefurinn varð fyrir árás hakkara sl. sumar og datt út mikið af efni. Ekki hefur tekist að koma inn öllum gögnum eftir það.

9. Fundi slitið

Guðni sleit fundi kl. 19:30